



Sorpurðun Vesturlands

16. AÐALFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF. Borgarnesi, 19 apríl 2013 kl. 10:30.

Kristinn Jónasson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Svein Pálsson sveitarstjóra Dalabyggðar sem fundarstjóra, og Hrefnu B. Jónsdóttir fundarritara.

Dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Fundarstjóri bar upp tillögu frá stjórn um uppstillingarnefnd. Tilnefndir voru: Friðrik Aspelund, Gyða Steinsdóttir og Laufey Jóhannsdóttir.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann fór yfir fjölda stjórnarfunda, sem voru á starfsárinu, sex talsins. Reksturinn gekk vel og verður gerð tillaga til fundarins að greiddur verði út 15% arður. Kristinn fór yfir það magn sem urðað var á árinu 2012 en 9.900 tonn komu til urðunar, þ.a. komu 2.000 frá Vestfjörðum. Frá opnun hefur verið tekið við 126.652 tonnum. Starfsleyfi urðunarstaðarins rann út á árinu 2012 og fékk SV undanþágu frá starfsleyfi meðan unnið er að endurnýjun. Sá frestur rennur út í október n.k. Formaður fór m.a. yfir:

Framkvæmdir við urðunarrein nr. 4 sem héldu áfram á árinu 2012 en framkvæmdum er nú lokið. Vinnu við endurnýjun starfsleyfis sem tafðist vegna umfangsmikillar sérfræðivinnu. „Hér hefur verið um alltof kostnaðarsama vinnu að ræða” sagði formaður, en viðamest er vinna við rannsókn vegna botnþéttingar og lektarmælinga í urðunarrein 4. Áhættumat vegna starfsleyfis og áhættumat vegna bráðamengunar og viðbragðsáætlun var einnig viðamikil og byggðir m.a. á niðurstöðum botnþéttirannsóknna. Kristinn kom sérstaklega inn á niðurstöðu áhættumats vegna bráðamengunar en þar segir m.a. að hverfandi líkur séu á að bráðamengun geti átt sér stað á urðunarstaðnum sem leitt geti til mengunar í sjó, á strönd neðan við urðunarstaðinn í Fíflholtum eða í Norðlæk.

Í máli sínu fór hann nokkuð ítarlega yfir rannsóknir við metangasmælingar og hönnun á gassöfnunarkerfi fyrir Fíflholt en ákveðin frumhönnun hefur átt sér stað. Stjórn SV samþykkti að fara þá leið að óska eftir lokun eldra svæðis, þ.e. urðunarreinum 1 – 3, með það að markmiði að losna undan gassöfnunarskyldu í þeim reinum. Búið var að fara yfir það með sérfræðingum að gassöfnun í þeim myndi litlum umhverfisávinningi skila en lagaskyldan þó

ótvíræð að gasi skyldi safnað. Skipulagsstofnun óskaði umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Borgarbyggðar og Umhverfisstofnunar og var það niðurstaða allra þriggja að framkvæmdin væri ekki matsskyld þar sem nýr urðunarstaður væri innan þess svæðis sem gilandi umhverfismat tók til á sínum tíma. Engin kæra barst til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Því er litið svo á að við séum komin fyrir vind í gassöfnun hvað varðar eldri urðunarreinar.

Kristinn fór yfir störf samráðsnefndar og vinnu Alta sem tók að sér að skoða staðarval fyrir urðunarstað fyrir nefndina. Sveitarfélagið Ölfus hefur svarað erindinu og er tilbúið að þreifa á hugmyndum um fyrirkomulag í kringum nýjan urðunarstað eða kannski öllu heldur fyrirkomulag í kringum ákveðnar lausnir frekar en urðunarstað í þeirri mynd sem þeir hafa verið reknir.

Að lokum fór formaður yfir drög að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs en þar eru settar fram kostnaðarsamar lausnir þar sem sveitarfélög hafa enga aðkomu haft að hugmyndum eða útfærslu þeirra. Sambandið hefur á fyrri stigum gert athugasemdir við markmið landsáætlunar sem oft eru settar fram sem markmið íslenskra stjórnvalda, ekki ríkisvaldsins.

Að lokum fór Kristinn yfir verðmæti fyrirtækisins. Það að eiga Fíflholt sem urðunarsta. Hann þakkaði starfsmönnum og stjórn gott og ánægjulegt samstarf.

2. Ársreikningar félagsins og grænt bókhald.

Hrefna B Jónsdóttir framkvæmdastjóri skýrði ársreikninga félagsins.

Tekjur ársins kr.65.075.928. Rekstrargjöld 64.364.594 kr. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 711.334 kr. Fjármunatekjur 1.687.270 kr. Hagnaður ársins eftir tekjuskatt kr. 1.915.123. Eigið fé og skuldir samtals kr. 89.008.607.

Framkvæmdastjóri skýrði umfangsmikil rannsóknarvinnu sem fór fram á urðunarsvæðinu á árinu 2012 vegna undirbúningsvinnu að endurnýjun starfsleyfis. Skýrir þetta verulega aukinn kostnað á árinu 2012

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins vegna ársins 2012 sem er aðgengileg á heimasíðu SSV/Sorpurðunar og Umhverfisstofnunar.

http://ssv.is/Files/Skra_0060316.pdf

Gunnar Sigurðsson fór yfir aðdraganda að stofnun fyrirtækisins. Hann sagði vel hafa verið staðið að rekstri þess og ánægjulegt að standa að svo góðu og ve heppnuðu fyrirtæki. Hann þakkaði stjórn góð störf í þágu sveitarfélaganna á Vesturlandi.

Fundarstjóri bar upp reikningana og skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins og var hvort tveggja samþykkt samhljóða.

Gyða Steinsdóttir fór yfir störf kjörnefndar og er fundurinn lögmætur.

3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að laun stjórnarmanna í Sorpurðun Vesturlands hf. taki mið af launum stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Greiðslur fyrir fund miðast við þingfararkaup. Formaður 6% kr. 37.802 aðrir 3% kr.

18.901. Greiðslur fyrir ferðakostnað samkvæmt reglum RSK. Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Fundarstjóri bar upp tillögu um 15% arðgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að hagnaður ársins 2012 verði færður til hækkunar eigin fjár. Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar

Gyða Steinsdóttir flutti tillögu uppstillingarnefndar:

Auður Ingólfisdóttir Gyða Steinsdóttir

Friðrik Aspelund Kristinn Jónasson

Halla Steinólfisdóttir Sævar Jónsson

Magnús Freyr Ólafsson

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða.

6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.

Lögð var fram tillaga um að KPMG endurskoðun sjái áfram um endurskoðun félagsins. Skoðunarmaður félagsins Davíð Pétursson.

Samþykkt samhljóða.

7. Lagabreytingar.

Engar.

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Engin.

Fundarstjóri sleit fundi.

Fundarritari: HBJ